# Starfsendurhæfingarsjóður ses

Ársreikningur

2010

# Efnisyfirlit

**Bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 |
| Yfirlit yfir afkomu ársins 2010 | 4 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2010 | 5 |
| Sjóðstreymi ársins 2010 | 6 |
| Skýringar | 7 - 9 |


**Stjórn Starfsendurhæfingarsjóðs ses:**

Vilhjálmur Egilsson, formaður
Elín Björg Jónsdóttir, varaformaður
Ágústa Hlín Gústafsdóttir, meðstjórnandi
Finnbjörn A. Hermannsson, meðstjórnandi
Guðlaug Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
Gylfi Arnbjörnsson, meðstjórnandi
Hannes G. Sigurðsson, meðstjórnandi
Inga Rún Ólafsdóttir, meðstjórnandi
Níels Sigurður Olgeirsson, meðstjórnandi
Sigurður Bessason, meðstjórnandi
Sólveig Pétursdóttir, meðstjórnandi
Þóra Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi

**Framkvæmdastjóri:**

Vigdís Jónsdóttir

**Kjörinn endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu starfsendurhæfingar og öðrum úrræðum. Aðalstarfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er því að stuðla að aukinni starfsendurhæfingu, virkni og þátttöku í atvinnulífinu í samvinnu við stéttarfélög og atvinnurekendur um allt land.

Starfsemin hefur á árinu 2010 verið í uppbyggingu og þróun en skipulögð þjónusta ráðgjafa hjá stéttarfélögunum hófst á haustmánuðum 2009 og hefur síðan þá verið í stöðugum vexti. Útgjöld sjóðsins voru á árinu 2010 í stöðugum vexti og sem dæmi um það þá var rekstrarkostnaður í lok árs 2010 um þrisvar sinnum hærri en hann var í upphafi ársins. Áætlað er að á árinu 2011 muni vera áframhaldandi mikill vöxtur.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hækkun á hreinni eign sjóðsins 343,7 millj.kr. á árinu. Eigið fé sjóðsins í lok árs var jákvætt um 974,3 millj.kr. en var um 630,6 millj.kr. í byrjun árs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Sjóðurinn mun til framtíðar þurfa að hafa varasjóð sem nemur um 6 mánaða veltu til að geta ávallt staðið við þá samninga og þær skuldbindingar sem sjóðurinn tekst á hendur gagnvart einstaklingum í þjónustu og samstarfsaðilum. Í starfsemi sem hér um ræðir koma tekjur hraðar inn en útgjöld í upphafi og því hefur orðið til varasjóður sem mætir þessari þörf.

Stöðugildi hjá félaginu voru 9 og launagreiðslur félagsins námu um 52,5 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 7 og launagreiðslur félagsins námu um 41,3 millj.kr. á árinu 2009.

Ekki eru greidd laun eða aðrar þóknanir til stjórnarmanna.

Stjórn Starfsendurhæfingarsjóðs ses og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2011

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Starfsendurhæfingarsjóðs ses.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Starfsendurhæfingarsjóðs ses fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu ársreikningsins í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 15. mars 2011

**Grant Thornton endurskoðun ehf.**

Theodór S. Sigurbergsson
löggiltur endurskoðandi

# Yfirlit yfir afkomu ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld atvinnurekanda | 9 | 634.130.200 | 599.758.433 |
| **Iðgjöld** | | 634.130.200 | 599.758.433 |
| **Starfsendurhæfing** | | | |
| Ýmis útgjöld vegna starfsendurhæfingar | 10 | 234.208.193 | 55.283.126 |
| **Starfsendurhæfing** | | 234.208.193 | 55.283.126 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Laun og tengd gjöld | 3, 11 | 67.399.332 | 51.557.599 |
| Annar rekstrarkostnaður | 12 | 33.402.610 | 24.639.936 |
| **Rekstrarkostnaður** | | 100.801.942 | 76.197.535 |
| Breyting á hreinni eign fyrir fjármagnsliði | | 299.120.065 | 468.277.772 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 4 | 53.241.674 | 29.233.286 |
| Seðil- og þjónustugjöld | 5 | ( 52.731) | ( 30.797) |
| Fjármagnstekjuskattur | 2, 5 | ( 8.601.765) | ( 3.703.951) |
| | | 44.587.178 | 25.498.538 |
| **Afkoma ársins** | | 343.707.243 | 493.776.310 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

## Eignir

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Óinnheimt iðgjöld | 2 | 51.521.861 | 47.050.374 |
| Sjóður og bankainnstæður | 2 | 696.779.780 | 598.756.880 |
| Vörslureikningar | 2 | 254.833.342 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | 1.003.134.983 | 645.807.254 |
| **Eignir alls** | | 1.003.134.983 | 645.807.254 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| Stofnfé | 7 | 1.500.000 | 1.500.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 7 | 972.810.922 | 629.103.679 |
| **Eigið fé** | | 974.310.922 | 630.603.679 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 8 | 28.824.061 | 15.203.575 |
| **Skuldir alls** | | 28.824.061 | 15.203.575 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 1.003.134.983 | 645.807.254 |

# Sjóðstreymi ársins 2010

| | Skýr. | 2010 | 2009 |
|---|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | | |
| Frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins ........................................................................ | | 343.707.243 | 493.776.310 |
| | | 343.707.243 | 493.776.310 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .................................... | | ( 4.471.487) | ( 11.050.374) |
| Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .................................. | | 13.620.486 | 11.517.465 |
| | | 9.148.999 | 467.091 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 352.856.242 | 494.243.401 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað stofnfé ........................................................................ | | 0 | 500.000 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 0 | 500.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé ..................................** | | 352.856.242 | 494.743.401 |
| Handbært fé í ársbyrjun ............................................................ | | 598.756.880 | 104.013.479 |
| **Handbært fé í árslok ........................................................** | | 951.613.122 | 598.756.880 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Aðalstarfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að stuðla að aukinni starfsendurhæfingu, virkni og þátttöku í atvinnulífinu í samvinnu við stéttarfélög um allt land. Starfsemin hefur á árinu 2010 verið í uppbyggingu og þróun.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum ársreiknings.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er gjaldfærður í yfirliti yfir afkomu ársins á því tímabili sem hann fellur til.

### Skráning innkomu

Iðgjöld eru færð til tekna í yfirlit yfir afkomu ársins þegar greiðsla berst sjóðnum, en við áramót eru þau iðgjöld sem greidd hafa verið á fyrstu vikum eftir lok rekstrartímabils bókuð til tekna.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Skattamál

Sjóðurinn er ekki tekjuskattsskyldur lögaðili og skattar því ekki reiknaðir, eða gjaldfærðir í uppgjöri.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

### Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Laun og launatengd gjöld

3. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Laun og bifreiðastyrkir | 55.043.340 | 42.909.971 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 5.055.415 | 4.039.294 |
| Önnur launatengd gjöld | 6.079.093 | 3.594.386 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.221.484 | 1.013.948 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 67.399.332 | 51.557.599 |
| | | |
| Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf | 9 | 7 |

### Fjármunatekjur

4. Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 48.438.615 | 29.264.083 |
| Vextir | ( 30.283) | ( 30.797) |
| Vaxtatekjur fjárvörslu | 4.833.342 | 0 |
| | 53.241.674 | 29.233.286 |

### Fjármagnsgjöld

5. Fjármunagjöld greinast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Þjónustugjöld | 7.595 | 3.146 |
| Þjónustugjöld Visa/Euro | 14.880 | 12.120 |
| Seðilgjöld reikninga | 28.806 | 15.531 |
| Bankakostnaður | 1.450 | 0 |
| | 52.731 | 30.797 |
| | | |
| Gjaldfærður fjármagnstekjuskattur | 8.601.765 | 3.703.951 |

### Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

6. Viðskiptakröfur sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Útistandandi hjá lífeyrissjóðum | 48.474.605 | 44.225.353 |
| Útistandandi hjá öðrum | 3.047.256 | 2.825.021 |
| | 51.521.861 | 47.050.374 |

## Eigið fé

7. Stofnfé sjóðsins nam 1,5 millj.kr. í lok ársins.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Stofnfé | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Flutt frá fyrra ári | 1.500.000 | 629.103.679 | 630.603.679 |
| Afkoma ársins | | 343.707.243 | 343.707.243 |
| | 1.500.000 | 972.810.922 | 974.310.922 |

## Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

8. Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast þannig:

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Lánardrottnar | 3.491.958 | 1.132.916 |
| Ógreiddir reikningar | 22.091.544 | 9.235.316 |
| Ógreidd laun | 96.208 | 2.517.677 |
| Ógreiddur lífeyrissjóður | 786.129 | 803.470 |
| Ógreidd sjóðagjöld | 118.595 | 98.510 |
| Ógreidd staðgreiðsla | 1.471.043 | 1.232.633 |
| Ógreitt annað vegna starfsfólks | 262.000 | 0 |
| Ógreitt tryggingargjald | 506.584 | 183.053 |
| | 28.824.061 | 15.203.575 |

# Sundurliðanir ársins 2010

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| **9. Iðgjöld** | | |
| Iðgjöld atvinnurekanda | 646.762.101 | 613.885.740 |
| Innheimtuþóknun | ( 12.631.901) | ( 14.127.307) |
| **Iðgjöld** | 634.130.200 | 599.758.433 |
| **10. Starfsendurhæfing** | | |
| Þjónusta ráðgjafa | 153.155.916 | 45.096.529 |
| Sérfræðiþjónusta og matsteymi | 10.815.500 | 7.130.376 |
| Úrræði | 70.236.777 | 3.056.221 |
| **Starfsendurhæfing** | 234.208.193 | 55.283.126 |
| **11. Laun og tengd gjöld** | | |
| Laun | 52.453.976 | 41.302.948 |
| Tryggingagjald | 5.250.062 | 2.940.548 |
| Lífeyrissjóðsgjöld | 5.055.415 | 4.039.294 |
| Bifreiðastyrkir | 2.589.364 | 1.607.023 |
| Sjóðir stéttarfélaga | 829.031 | 653.838 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.221.484 | 1.013.948 |
| **Laun og tengd gjöld** | 67.399.332 | 51.557.599 |
| **12. Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Húsaleiga | 8.186.389 | 7.756.819 |
| Viðhald húsnæðis | 295.878 | 155.371 |
| Ræsting, öryggisgæsla o.fl. | 1.180.889 | 805.200 |
| Ritföng og prentun | 828.706 | 1.023.837 |
| Sími, internetkostnaður og burðargjöld | 1.022.782 | 794.965 |
| Gjaldfærð áhöld og viðhald | 1.903.297 | 2.892.247 |
| Útgáfa og kynningarkostnaður | 5.166.614 | 2.069.114 |
| Menntun, ráðstefnur og námskeið | 3.757.902 | 1.532.042 |
| Bækur, tímarit og námsgögn | 247.791 | 203.688 |
| Akstur | 1.175 | 9.950 |
| Ferðakostnaður innanlands | 594.562 | 927.063 |
| Funda-, ráðstefnu og viðskiptakostnaður | 1.502.897 | 1.681.449 |
| Rekstur tölvubúnaðar | 2.349.483 | 1.543.601 |
| Reikningsleg aðstoð | 1.753.219 | 0 |
| Aðkeypt þjónusta | 3.916.834 | 2.896.383 |
| Vátryggingar | 116.624 | 66.117 |
| Annar kostnaður | 577.568 | 282.090 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | 33.402.610 | 24.639.936 |